

**184. fundur haldinn mánudaginn 23. maí 2022**  
**Skrifstofa Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma í Fossvogi**

---

Þátttakendur voru: Ragnhildur Benediktsdóttir lögfræðingur, formaður ráðsins, Þórsteinn Ragnarsson, fyrrverandi forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma, fulltrúi Kirkjugarðasambands Íslands, Ingvar Stefánsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma, Smári Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarða Akureyrar, fulltrúi Kirkjubings, Valtýr Valtýsson sveitarstjóri, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kristín Huld Sigurðardóttir forstöðumaður Minjastofnunar Íslands, sem ritaði fundargerð. Einnig sátu fundinn Guðmundur Rafn Sigurðsson framkvæmdastjóri Kirkjugarðaráðs og Sigurgeir Skúlason verkefnastjóri.

Halldór Arason endurskoðandi Deloitte ehf. sat fund undir 2. lið.

**1. Setning fundar.**

Fundur settur kl. 13:00 og fundargerð 182. og 183. fundar lögð fram og samþykkt.

**2. Ársreikningur Kirkjugarðaráðs vegna framlags ríkisins til kirkjugarða árið 2021.**

Halldór Arason fór yfir ársreikninginn. Handbært fé um áramót var um 19 milljónir. Skammtímaskuldir eru rúmar 39 milljónir þannig að eigið fé er rúmar 20 milljónir í mínus. Til að laga hallann var ákveðið að lækka framlag til heildarumhirðu kirkjugarða frá 1. júlí um 3% sem gerir í heildina kringum 15 milljónir króna.

**3. Fundur vinnuhóps kirkjugarðaráðs í dómsmálaráðuneytinu vegna líkbrennslumála.**

Þórsteinn Ragnarsson kynnti. Haukur Guðmundsson ráðuneytisstjóri í dómsmálaráðuneytinu óskaði eftir skýrslu um málið innan tveggja vikna. Ákveðið var að Kirkjugarðaráð sendi inn að beiðni ráðuneytisins athugasemdir við skýrslu ráðgjafa ráðuneytisins. Lögð fram tillaga um að fá minnisblað frá lögfræðingi um málið út frá samkeppnislögum og Evrópulöggjöf og fella inn í athugasemdirnar.

**4. Aðalfundur Kirkjugarðasambands Íslands (KGSÍ)**

Þórsteinn Ragnarsson gerði grein fyrir fundi sambandsins sem haldin var á Hotel Natura í Reykjavík 14. maí s.l. Fundurinn var fámennari en oft áður en gekk vel. Smári Sigurðsson var kosinn formaður og Guðmundur Rafn Sigurðsson og Ingvar Stefánsson voru kosnir í stjórn.

**5. Heimagrafreitur á Mýrum.** Guðmundur Rafn Sigurðsson kynnti fyrirspurn sem hefur borist vegna heimagrafreits. Nýr eigandi jarðar neitar fólki aðgengi að heimagrafreit á jörðinni. Hann veitir ekki heimild til að flytja mann sem var jarðsettur þar né jarðsetja ösku af konu mannsins hjá honum. Niðurstaðan var að Kirkjugarðaráð hefur ekki lögformlegt umboð til að taka á málinu.

**6. Næsti fundur.**

Næsti fundur verður haldinn 9. júní. Kl. 13:00.

## 7. Önnur mál.

Að loknum fundi fór Kirkjugarðaráð í Hólavallagarð og kynnti sér starfsemi garðsins að því loknu var boðið upp á kaffi og veitingar í Biskupsstofu vegna starfsloka Þórsteins Ragnarssonar hjá Kirkjugörðum Reykjavíkurprófastsdæma.

Fleira ekki gert,  
Fundu slitið kl. 15:10.

---

Ragnhildur Benediktsdóttir,  
formaður

---

Kristín Huld Sigurðardóttir,  
ritari